



## Fundargerð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps  
mánudaginn 2. maí 2011, kl. 10:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson, Herdís Erna Matthíasdóttir. Einnig sat fundinn Guðmundur Ólafsson slökkviliðsstjóri, Bogi Kristinsson skipulags – og byggingafulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið og setti fund.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

**1. 1102005– Tröllendi deiliskipulag.**

Tillaga að deiliskipulagi.

*Tillagan samþykkt til auglýsingar skv. afgreiðslum 8. nóvember 2010 og 7. febrúar 2011.*

**2. 0907037 – Deiliskipulag í Flatey.**

Deiliskipulag við Innstapoll, afgreiðsla.

*Afgreiðslu málsins frestað, óskað verður eftir frekari gögnum.*

**3. 1104029 – Krossnes á Bæjarnesi 220147, umsókn um byggingarleyfi.**

Umsókn Páls Gunnlaugssonar arkitekts fyrir hönd Jónasar Haraldssonar dagsett 7. apríl 2011.

*Byggingarleyfi samþykkt með fyrirvara um þinglýstan lóðaleigusamning og samþykki Skipulagsstofnunar.*

**4. 1104003 – Barmahlíð 139722, umsókn um byggingu hænsnakofa.**

Umsókn frá hjúkrunarforstjóra dagsett 10. apríl 2011.

*Nefndin tekur jákvætt í erindið, óskað er frekari gagna um stærð og staðsetningu kofans.*

**5. 1104032 – Krossnes 212605, umsókn um stöðuleyfi fyrir gám.**

Umsókn frá Snæbirni Jónssyni dagsett 16. apríl 2011.

*Stöðuleyfi veitt til eins árs til maí 2012. Gera skal ráð fyrir bili á milli íbúðarhúss og gáms skv. brunareglu.*

- 6. 1007042 – Maríutröð 9, umsókn um byggingu skýlis yfir tvo holutoppa.**  
Erindi frá Orkubúi Vestfjarða dagsett 28. apríl 2011.

*Umsóknin samþykkt með fyrirvara um samþykki eiganda Álfalands.*

**Önnur mál (ef einhver):** Löglega upp borin.

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11:30**

_____	_____
_____	_____
_____	_____